

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um innflutning á nautakjöti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Í hvaða tilfellum var veitt leyfi til innflutnings á nautakjöti á síðasta ári og frá hvaða löndum kom það kjöt? Var þess gætt í þeim tilfellum að fyrir lögju vottorð um að kúariða hefði ekki greinst í landinu undanfarna mánuði?*

Í tuttugu og þremur tilfellum var veitt leyfi til innflutnings á nautakjöti á síðasta ári frá Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Írlandi og Svíþjóð, samtals 28 tonn.

Kúariða hefur ekki greinst í Bandaríkjunum, Finnlandi og Svíþjóð en hún hefur nú greinst í Hollandi, Danmörku og á Írlandi. Áður en innflutningur var heimilaður sannreyndi embætti yfirdýralæknis stöðu dýrasjúkdóma í þessum löndum, m.a. með upplýsingum og vottorðum frá dýralæknayfirvöldum í viðkomandi löndum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnun dýra og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Í þessum tilfellum lágu fyrir við innflutning öll gögn sem embætti yfirdýralæknis telur nauðsynleg til að fullnægja skilyrðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.